

## Um stóran og lítinn staf

*Einmöld hjálparregla og dæmi um gagnsemi hennar*

### 1. Inngangur

Í íslenskum stafsetningarreglum hefur löngum verið fylgt tveim meginreglum um stóran og lítinn staf.<sup>1</sup> Þær eru orðaðar svo í ritreglunum sem eru birtar í *Stafsetningarorðabókinni* (2006, bls. 676, leturbreytingum bætt við hér):

- (1) a. Samnöfn eru að jafnaði skrifuð með litlum upphafsstaf. (6. gr.)
- b. Stór stafur er ritaður í upphafi sérnafns. (7. gr.)

Eins og reglurnar eru orðaðar hér er gefið svigrúm fyrir undantekningar frá þeirri fyrri (með orðalaginu „að jafnaði“) en ekki þeirri seinni.<sup>2</sup> Þótt undantekningar frá hagnýtum reglum af þessu tagi séu óæskilegar í sjálfu sér er augljóslega nauðsynlegt að hafa þennan fyrirvara í (1a), m.a. vegna þeirrar almennu reglu að skrifa stóran staf „í upphafi máls og í nýrri málsgrein á eftir punkti“ (sjá 3. grein í ritreglum *Stafsetningarorðabókarinnar*, bls. 675). Af því orðalagi sem er notað í (1b) má hins vegar ráða að þar sé ekki þörf á neinum undantekningum og sjálfsagt telja margir sig fylgja þeirri reglu undantekningarlaust þótt þeir skrifi samnöfn stundum með stórum upphafsstaf.

<sup>1</sup> Hér er bæði rétt og skylt að þakka tveim ónafngreindum yfirlesurum og ritstjóra fyrir gagnlegar og gagnrýnar athugasemdir við upphaflega gerð þessarar greinar. Margar þeirra leiddu til þess að greinin var lagfærð, en sumar þessara ábendinga ákvað höfundur að hafa að engu. Það hefur sjálfsagt verið óskynsamlegt en gæti hins vegar stuðlað að frekari umræðu um viðfangsefnið.

<sup>2</sup> Í þeim auglýsingum Menntamálaráðuneytisins um stafsetningu (132/1974 og 261/1977) sem ritreglur *Stafsetningarorðabókarinnar* byggja á er ekki að finna tiltekna grein sem samsvarar (1a), en hún er augljóslega í anda þessara auglýsinga. Í auglýsingunni frá 1974 er það einkum 5. grein sem samsvarar (1b) og hún hljóðar svo:

Bein sérnöfn skal rita með stórum staf.

Hugtakið *bein sérnöfn* er síðan skýrt með dæmum en ekki skilgreint. Auglýsingin frá 1977 felur ekki í sér neinar breytingar á þessari grein.

Ef grannt er að gáð kemur þó í ljós að reglunni um stóran staf í upphafi sérnafns er ekki fylgt í raun í auglýsingum Menntamálaráðuneytisins og ekki heldur í þeirri útfærslu og túlkun sem finna má í ritreglum *Stafsetningarorðabókarinnar*. Í þeirri bók er t.d. gefinn kostur á því að skrifa eftirtalin orð eins og hér er sýnt:<sup>3</sup>

- (2)a. háskólinn, hæstiréttur, stjórnarráðið, fjármálaráðuneytið, gyðingar, grettistak, bermúdabuxur, kínarúlla, jakobsfífill, salómonsdomur
- b. Háskólinn, Hæstiréttur, Stjórnarráðið, Fjármálaráðuneytið, Gyðingar, Stuðmannaplata, Íslandsmeistari, Kópavogsbúi, Salómonseyingur

Lesendum er nokkur vorkunn ef þeir átta sig ekki strax á því af hverju sum þessara orða eru rituð með stórum upphafsstaf, önnur með litlum og enn önnur sitt á hvað. Ef það sem segir um orð af þessu tagi í áður nefndum auglýsingum og ritdómi er skoðað, kemur nefnilega í ljós að þær útlistanir eru ekki að öllu leyti í samræmi við meginregluna um stóran staf í upphafi sérnafna. Reglur um stóran staf og lítinn hafa líka verið gagnrýndar talsvert, m.a. í grein eftir Margréti Guðmundsdóttur (2000) í 22. árgangi *Íslensks máls* og í ítarlegum ritdómi um *Stafsetningarorðabókina* eftir Margréti Jónsdóttur í 28. árgangi. Sú síðarnefnda segir m.a. (2006:198):

- (3) Meðal galla á gildandi stafsetningarreglum [þ.e. gildandi auglýsingum Menntamálaráðuneytisins, 132/1974 og 261/1977, og þeim ritreglum sem eru byggðar á þeim og birtar í *Stafsetningarorðabókinni*, innskot höf.] er að gráa svæðið milli lítils og stórs stafs er of stórt í auglýsingunni og ég verð að játa að mér finnst sem ritreglurnar leysi ekki vandan til fulls [...] Staðreyndin er nefnilega sú að enda þótt talað sé um sérnöfn í sambandi við ritun á stórum staf er sá galli á gjöf n/Njarðar að sérnafn er í rauninni aldrei skýrt eða skýringin í besta falli ónákvæm eða óljós.

Þetta er alveg rétt. Nú skal ekki gert lítið úr þeim vanda sem við er að glíma í þessu, en hér verður því þó haldið fram að það mætti einfalda ritreglurnar mikið með því að fylgja meginreglunni um stóran staf í sérnöfnum. Hluti af vandanum er nefnilega sá að í ritreglunum er gefinn kostur á

<sup>3</sup> Sumt af þessu kemur fram í sjálfum orðalistanum í bókinni, annað í ritreglunum sem eru birtar í bókarlok (bls. 673 o.áfr.), en þær reglur má líka finna á Netinu á heimasvæði Íslenskrar málstöðvar, þ.e. málræktarsviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Þegar þetta er ritað er slóðin [http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun\\_ritreglurskjal](http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_ritreglurskjal).



Því að rita sum sérnöfn með litlum staf, stundum samkvæmt flóknum og sérkennilegum viðmiðunarreglum en stundum eftir geðþótta hvers og eins án frekari skýringa.<sup>4</sup> Afleiðingin af þessari leið við að leiðbeina um stóran staf og lítinn verður miklu flóknara regluverk og meira ósamræmi en ástæða er til.

Eins og bent er á í (3) hér framar eru ritreglur *Stafsetningarorðabókarinnar* byggðar á gildandi auglýsingum Menntamálaráðuneytisins um stafsetningu. Það má því líta á þær sem nánari útfærslu á þessum auglýsingum og að einhverju leyti líka sem lýsingu á tilteknum aðferðum við að fara eftir auglýsingunum þar sem þær eru ekki ótvíræðar.<sup>5</sup> Þeir sem gengu frá þessum ritreglum hafa því væntanlega ekki litið svo á að þeir væru að víkja frá auglýsingunum í neinum grundvallaratriðum. Þetta á ekki síst við um það sem segir um stóran staf og lítinn, eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

Þessi smágrein fjallar um einfalda leið til að skera úr um það hvenær um er að ræða sérnafn og hvenær samnafn. Sýnt er fram á að þessa einföldu reglu má hafa til stuðnings til að skera úr um það hvenær skuli skrifa stóran staf og hvenær lítinn **ef fylgt er þeirri meginreglu að skrifa alltaf stóran staf í upphafi sérnafna en „að jafnaði“ lítinn í samnöfnum**, eins og gert er ráð fyrir í ritreglunum. Í greininni er sem sé EKKI stungið upp á því að breyta gildandi reglum um stóran staf og lítinn í neinum meginatriðum heldur aðeins stungið upp á einfaldri leið til þess að fara eftir anda þeirra eða meginlínu. Í 2. kafla er fjallað stuttlega um sérnöfn og samnöfn og rifjuð upp einföld hjálparregla eða þumalfingursregla um mun þeirra. Í 3. kafla er síðan litið á nokkrar flækjur og ósamræmi í gildandi reglum um íslenska stafsetningu og þó einkum í venjum og leiðbeiningum um útfærslu þeirra. Í því yfirliti er aðallega miðað við ritreglur *Stafsetningarorðabókarinnar* (bls. 673 o.áfr. og á vefsvæði Árnastofnunar, sbr. nmgr. 3 hér framar), enda eru þær ítarlegastar og aðgengilegastar. Sýnt verður hvernig hægt væri að losna við sumt af þessum flækjum og ósamræmi og auðvelda notendum að fara eftir reglunum ef í raun væri fylgt þeirri meginreglu að skrifa sérnöfn með stórum staf og vísað til áður nefndrar þumalfingursreglu um mun sérnafna og samnafna í skýringum í stað þess að vera með

<sup>4</sup> Eins og Margrét Jónsdóttir bendir á í neðanmálgrein í áður nefndum ritdómi (2006:198) mega menn t.d. eiga um það við málvitund sína hvort þeir skrifa stóran eða lítinn staf í orðasambandinu „galli á gjöf n/Njarðar“ og hliðstæðum orðasamböndum, en reyndar er ekki leiðbeint um það í auglýsingunni um hvað málvitundin geti snúist í því efni (sbr. auglýsingu 132/1974, 8. gr.).

<sup>5</sup> Annar yfirlesarinn lagði áherslu á þetta atriði.



langar og ósamstæðar upptalningar og ábendingar um það hvenær sérnöfn megi eða jafnvel skuli rita með litlum staf eins og nú er í raun gert í ritreglum. Í 4. kafla eru lokaorð.

## 2. Um sérnöfn og samnöfn

Hugtökin **sérnafn** og **samnafn** eru yfirleitt meðal þeirra málfræðihugtaka sem eru kynnt til sögunnar snemma í námsefni grunnskóla. Í hinni sígildu málfræðibibliú íslenskra grunnskólakennara segir t.d. svo (Björn Guðfinnsson 1958:13):

- (4) Nafnorð skiptast í **sérnöfn** og **samnöfn**. Sérnöfn eru *sérheiti* einstaklings eða hlutar, t.d. *Sigurður, Reykjavík*. Samnöfn eru *sameiginleg heiti* á ýmsu, t.d. *maður, borg*.

Hliðstæðar skýringar er að finna í *Íslenskri orðabók* (2002:1270, 1238):

- (5) a. **sérnafn** ... nafn á tilteknum einstaklingi (eða eintaki) e-ar tegundar (t.d. *Árni, Snati, Akureyri*) ...  
 b. **samnafn** ... nafnorð sem tekur til einstaklinga (eintaka) heillar tegundar (t.d. *bók, fugl, hestur*) og tákna tegundina sem slíka ...

Nú er auðvitað hægt að finna fræðilegri umfjöllun um þessi hugtök, enda eru þau alþjóðleg og ekki séríslensk (sbr. e. *proper noun/name* 'sérnafn', *common noun* 'samnafn'). Í ritreglum sem eru ætlaðar almenningi þarf hins vegar að nota skilgreiningar og skýringar sem eru aðgengilegar hverjum sem er og krefjast ekki langra fræðilegra útlistana. Þess vegna þyrftu skilgreiningar úr grunnskólaefni og almennum orðabókum að duga þar.

Þótt skilgreiningarnar í (4) og (5) virðist býsna einfaldar í sjálfu sér, er ekki þar með sagt að alltaf sé augljóst hvenær þær eiga við. Þess vegna verða oft umræður og jafnvel deilur um það hvaða orð skuli skrifa með stórum staf og hver með litlum, jafnvel þótt menn hafi lært þá meginreglu að rita skuli stóran staf í upphafi sérnafns en samnöfn skuli „að jafnaði“ skrifa með litlum staf (sbr. (1a,b) hér á undan). Þegar slíkar umræður fóru fram á neti Háskóla Íslands fyrir skömmu rifjaði Eiríkur Rögnvaldsson tiltekna hjálparreglu eða þumalfingursreglu um þetta efni sem má orða svo:

- (6) Sögnin *heita* tekur með sér **sérnöfn**, sögnin *vera* tekur með sér **samnöfn**.



Þetta má skýra með dæmunum sem eru tekin í málfræði Björns Guðfinnssonar og *Íslenskri orðabók* (sbr. (4) og (5) hér á undan):<sup>6</sup>

- (7) a. Hann **heitir** Sigurður/Árni/Snati ...
- b. Þetta **er** maður/borg/bók/fugl/hestur ...
- c. Staðurinn **heitir** Reykjavík/Akureyri ...

Í næsta kafla verður sýnt hvernig mætti nýta þessa einföldu hjálparreglu eða þumalfingursreglu í (6) til að greiða úr nokkrum flækjum í ritreglum *Stafsetningarorðabókarinnar* og draga úr ósamræmi þar.

### 3. Greitt úr flækjum og dregið úr ósamræmi

II. kafli ritreglnanna í *Stafsetningarorðabókinni* fjallar um stóran og lítinn staf. Í þeim kafla eru alls 25 greinar og hann nær yfir níu blaðsíður. Eins og áður segir eru þessar greinar að hluta til hugsaðar sem nánari útfærsla og túlkun á fyrirmælum auglýsinga Menntamálaráðuneytisins. Sumar greinarnar eru ljósar og einfaldar en aðrar duga varla til að skýra það sem þær eiga við, eins og Margrét Jónsdóttir bendir á í áðurnefndum ritdómi (sjá (3) hér framar). Til þæginda má skipta þeim í tvo flokka:

- (8) a. Greinar sem fjalla um undantekningar frá meginreglunni um stóran staf í upphafi sérnafna.
- b. Greinar sem fjalla um undantekningar frá þeirri meginreglu að samnöfn skuli að jafnaði skrifa með litlum upphafsstaf.

Eins og vænta má eru mun færri greinar úr fyrri flokknum, enda er meginreglan um stóran staf í upphafi sérnafna orðuð eins og hún sé, eða eigi að vera, undantekningarlaus (sbr. (1b) hér á undan). Greinar um stóran staf í samnöfnum eru mun fleiri og flóknari, enda er þar gefið ákveðið svigrúm í ritreglunum (sbr. (1a) hér framar). Hér á eftir verður litið á nokkur dæmi sem tengjast þessari umræðu og sýnt hvernig má skýra þau með tilvísun til hjálparreglunnar í (6) um einkenni sérnafna og samnafna. Í 3.1 eru

<sup>6</sup> Í þessu sambandi þarf þó að gæta að tvennu. Í fyrsta lagi er vert að minna á það atriði úr skilgreiningu sérnafna að þau eiga við nöfn á tilteknum einstaklingi eða eintaki, eins og segir í skilgreiningunum í (4) og (5) hér á undan. Þess vegna þarf að nota **eintölu** eins og hér er gert þegar verið er að prófa það með notkun *heita* og *vera* hvort um sérnafn sé að ræða eða ekki (sjá nánar í 3.2.1 hér á eftir). Í öðru lagi er hægt að nota sérnöfn með *vera* þegar verið er að vísa til ákveðins einstaklings með nafni með því að segja **hver** hann fremur en **hvað**, sbr. dæmi eins og *Þetta er Jón*.



skoðuð dæmi sem fela í sér undantekningar frá meginreglunni um stóran staf í sérnöfnum og því haldið fram að þeim megi útrýma á tiltölulega einfaldan hátt með því að styðjast við hjálparregluna. Í 3.2 er svo rætt um dæmi sem fela í sér undantekningar frá meginreglunni um lítinn staf í samnöfnum og sýnt hvaða áhrif það hefði ef undantekningum frá reglunni um lítinn staf í samnöfnum væri fækkað með tilvísun í hjálparregluna. Ekki er þó gerð tilraun til að fjalla á tæmandi hátt um öll þau atriði sem eru talin í reglunum 25 um stóran staf og lítinn í *Stafsetningarorðabókinni*, enda yrði það alltof langt mál fyrir smágrein eða umræðugrein af þessu tagi.

### 3.1 Undantekningar frá meginreglunni um stóran staf í sérnöfnum

#### 3.1.1 Óútskýrt eða misskilið valfrelsi

Á nokkrum stöðum í ritreglunum má finna dæmi um óútskýrt valfrelsi um lítinn staf eða stóran, enda er gert ráð fyrir því í þeim auglýsingum Menntamálaráðuneytisins sem stuðst er við. Þannig segir t.d. í 18. grein reglnanna (*Stafsetningarorðabókin*, bls. 682; samsvarandi ákvæði er í a-lið 6. gr. auglýsingar 132/1974):

- (9) Í stytta eða breyttu sérnafni getur verið val um lítinn eða stóran upphafsstaf.

Háskóli Íslands = **háskólinn** eða **Háskólinn**

Hellisheiði = **heiðin** eða **Heiðin**

Hæstiréttur Íslands = **hæstiréttur** eða **Hæstiréttur**

Hafnarfjörður = **fjörðurinn** eða **Fjörðurinn**

Stjórnarráð Íslands = **stjórnarráðið** eða **Stjórnarráðið**

Óútskýrt valfrelsi af þessu tagi er vont í sjálfu sér af því að það veldur ruglingi og ósamræmi og kallar á deilur (reyndar fann ég engin dæmi um þessi orð skrifuð með stórum staf í sjálfu orðasafni *Stafsetningarorðabókarinnar*, en þar er hins vegar sérnafnið *Fjörður* í kvenkyni fleirtölu og á við firðina milli Flateyjardals og Eyjafjarðar). Málið horfði öðruvísi við ef bent væri á að samhljóma orð geta ýmist verið sérnöfn eða samnöfn og síðan væri bent á að það væri í samræmi við meginreglur auglýsinganna að skrifa þau með stórum staf þegar þau eru sérnöfn en „að jafnaði“ með litlum þegar þau eru samnöfn. Þetta má skýra með dæmum þar sem þessari reglu er fylgt:



- (10) a. Þegar ég var í háskóla var Háskóli Íslands eini **háskólinn** á landinu. Þess vegna var hann oft bara kallaður **Háskólinn**.
- b. Þeir sem oft þurfa að fara um Helligheidi, þ.e. **heiðina** milli Hveragerðis og Reykjavíkur, nota stundum stuttnefnið **Heiðin** um hana.
- c. Orðið *hæstiréttur* er oft notað um æðsta dómstól ríkis. Á Íslandi er það Hæstiréttur Íslands, en hann gengur oftast undir nafninu **Hæstiréttur**.
- d. Íbúar Hafnarfjarðar kalla **fjörðinn** sinn eða bæinn oft bara **Fjörðinn**.
- e. Öll ráðuneyti í tilteknu ríki mynda eininguna **stjórnarráð**. Á Íslandi er **stjórnarráðið** samsett úr nokkrum ráðuneytum. Hið formlega nafn þess er Stjórnarráð Íslands en það er oft stýtt í **Stjórnarráðið** til þæginda, eins og algengt er um formleg samsett heiti.

Eins og lesendur geta sjálfir gengið úr skugga um er hér notaður stór stafur þegar átt er við nafn tiltekins staðar eða stofnunar og slík nöfn myndi sögnin *heita* (eða sagnasambandið *vera kallaður*) taka með sér hvort sem þau eru stýtt eða ekki. Það ætti ekki að skipta neinu máli ef meginreglan er sú að skrifa sérnöfn með stórum staf. Þegar um er að ræða svokölluð samnöfn er hins vegar ekki um að ræða heiti eða raunveruleg nöfn og þess vegna væri sögnin *heita* ekki notuð í því samhengi heldur fremur sögnin *vera*. Það má hnykkja betur á þessu með frekari dæmum (þau eru að hluta til sótt í áður nefnda umræðu á neti Háskóla Íslands fyrir nokkrum misserum en þeim er lítillega breytt hér vegna nýrra aðstæðna):

- (11) a. Við Háskólann í Reykjavík er engin **hugvísindadeild**. Við Háskóla Íslands var hins vegar **hugvísindadeild** til skamms tíma og hún hét **Hugvísindadeild** (návar tiltekið **Hugvísindadeild Háskóla Íslands**).
- b. Eftir skipulagsbreytingar innan Háskóla Íslands árið 2008 urðu til nokkur ný svið og nýjar deildir. Þessi nýju svið og deildir hafa þegar fengið nöfn. Meðal þeirra má telja **Hugvísindasvið** og **Íslensku- og menningardeild**.

Þau dæmi sem nú hafa verið sýnd ættu að duga til þess að sýna fram á að svokallað valfrelsi um stóran og lítinn staf í nöfnum er í raun og veru óþarft og veldur ruglingi. Ef fylgt er þeirri meginreglu að skrifa sérnöfn með stórum staf ber að skrifa orð eins og *Háskólinn* með stórum staf ef það er notað sem heiti á tiltekinni stofnun (þ.e. sem sérnafn) en *háskólinn* er þá bara samnafn sem vísar til ákveðinnar tegundar skóla, t.d. í dæmum eins og *Einn háskólinn á Íslandi er oft kallaður Háskólinn*.



### 3.1.2 Heiti á undirstofnunum og yfirstofnunum

Svipað efni er til umfjöllunar í 19. grein ritreglnanna en þó með nokkurri viðbót (*Stafsetningarorðabókin*, bls. 682; samsvarandi ákvæði er hluti af a-lið 6. gr. auglýsingar 132/1974):

- (12) Valfrelsi er um lítinn eða stóran upphafsstaf í heitum ráðuneyta fjármálaráðuneytið  
Fjármálaráðuneytið  
Í tilvikum sem þessum verður að gæta vel að hefð og samræmi. Sú hefð hefur myndast í opinberum skjölum að yfirstofnanir hafi stóran staf en undirstofnanir lítinn.

Fyrri hluti þessarar greinar fjallar í raun um það sama og áður nefnd 18. grein og hefur sama galla og hún. Síðari hlutinn er aftur á móti enn verri, því þar er vísað í sérkennilega viðmiðun sem almenningur á erfitt með að henda reiður á. Þess vegna er eðlilegt að spurt sé á þessa leið til dæmis:

- (13) Hvernig á maður að vita hvort tiltekin stofnun er „yfirstofnun“ eða „undirstofnun“? Undirstofnun undir hverju? Og af hverju ætti ekki að skrifa sérnafn með stórum staf ef það er heiti á „undirstofnun“? Af hverju ætti stafsetning að endurspeglar þess háttar afstöðu í stjórnkerfinu? Er eitthvert vit í því?

Svarið við síðustu undirspurningunni hlýtur að vera neikvætt. Það getur ekki verið neitt vit í viðmiðunareglum af þessu tagi. Þetta eru bara neyðarúrræði sem embættismenn hafa gripið til í því skyni að leysa vanda sem stafar af óljósum ákvæðum í stafsetningarreglunum. Að svo miklu leyti sem þetta er, eða hefur verið, hefð í opinberum gögnum ætti tvímælalaust að afnema hana. Hún gerir ekkert annað en flækja stafsetningarreglurnar og gera almenningi ómögulegt að tileinka sér þær. Reglan um stóran staf í sérnöfnum á að duga hér ef henni er fylgt í raun.

## 3.2 Undantekningar frá meginreglunni um lítinn staf í samnöfnum

### 3.2.1 Þjóðir, þjóðflokkar og tungumál

Þrátt fyrir þær meginreglur sem koma fram í 6. og 7. grein ritreglnanna eins og þær eru settar fram í *Stafsetningarorðabókinni* um að samnöfn skuli „að jafnaði“ skrifuð með litlum staf en sérnöfn með stórum, eins og áður var getið, verður ekki betur séð en þessi viðmið séu í raun að engu höfð og þeim jafnvel snúið alveg við þegar talað er um þjóðir, þjóðflokka og tungu-



mál. Um þessi þjóðir og þjóðflokka segir svo í reglunum (*Stafsetningarorðabókin* bls. 680, greinar 13 og 15, uppsetningu lítillega breytt hér, svo og leturbreytingum, og allmörgum orðum sleppt úr upptalningunni til einföldunar):

- (14) a. Stór upphafsstafur er ritaður í heitum þjóða og í heitum sem af þeim eru dregin. Þjóðaheiti eru ekki skýrt afmörkuð, en oftast er átt við heiti þeirra sem búa í sama ríki, eru eða hafa verið félagslega skipulegar einingar, búa við sameiginlega löggjöf eða koma fram sem eining á alþjóðavettvangi: *Baskar, Búar, Hellenar, Íslendingar, Kúrdar, Langbarðar, Norðmenn, Palestínnumenn ...*
- b. Ritaður er lítill upphafsstafur í heitum þjóðflokka og kynstofna: *arabar, germanar, gyðingar, indíánar, keltar, mongólar ...*

Ekki eru nefnd nein rök fyrir þessari aðgreiningu og hún getur orðið býsna snúin (sjá t.d. umræðu um það hjá Margréti Guðmundsdóttur 2000:153). Hvernig á grunnskólanemi til dæmis að geta verið viss um að um sé að ræða hópa manna sem „eru eða hafa verið félagslega skipulegar einingar, búa við sameiginlega löggjöf eða koma fram sem eining á alþjóðavettvangi“? Það kann m.a.s. að orka tvímælis hvort þetta eigi við alla þá sem eru taldir í (14a). Og af hverju ætti félagsleg eða pólitísk fortíð einhverra hópa manna í útlöndum að hafa áhrif á það hvernig við stafsetjum á íslensku þau orð sem vísa til þeirra? Þetta er greinilega alveg ótæk regla. Þó er helst að sjá að þeir sem gengu frá þessum reglum telji að hún sé nú býsna góð því að í framhaldi af 15. grein segir (*Stafsetningarorðabókin* bls. 681, uppsetningu lítillega breytt eins og áður):

- (15) Með stórum og litlum upphafsstaf má gera greinarmun á merkingu í sumum tilvikum:

<i>arabar</i>	<i>gyðingar</i>
<i>Arabar</i> (þjóð, kennd við Arabíu)	<i>Gyðingar</i> (þjóð, kennd við Gyðingaland)

Það liggur nú ekki alveg í augum uppi að orðin *Arabar* eða *Gyðingar* geti átt við hóp manna sem „búa í sama ríki, eru eða hafa verið félagslega skipulegar einingar, búa við sameiginlega löggjöf eða koma fram sem eining á alþjóðavettvangi“, enda gefur *Stafsetningarorðabókin* sjálf bara uppflattimyndina *arabi* og sama er að segja um orðið *gyðingur*. *Íslensk orðabók* (2002) gefur líka bara uppflattimyndina *arabi*, en aftur á móti bæði *gyðingur* („1 maður af trúflokki gyðinga“) og *Gyðingur* („maður þeirrar þjóðar sem byggði Gyðingaland að fornu“). Í þeirri bók má líka finna bæði uppflatti-



myndina *mongóli* („maður af einum þriggja helstu kynstofna manna (gula kynstofninum)“) og *Mongóli* („maður í/frá Mongólíu“). *Stafsetningarorðabókin* gefur hins vegar bara uppfléttimyndina *mongóli*. Þetta er því greinilega ekki einfalt mál.

Miðað við meginregluna um sérnöfn og samnöfn ætti hins vegar að vera ljóst að í engu þessara tilvika er í raun um sérnafn að ræða. Orð eins og *arabi*, *baski*, *búi*, *gyðingur* o.s.frv. geta ekki verið **nöfn** „á tilteknum einstaklingi (eða eintaki) e-ar tegundar“ (sjá skilgreininguna á sérnafni í (5) hér á undan) heldur er þar miklu fremur um að ræða „nafnorð sem tekur til einstaklinga (eintaka) heillar tegundar“ (sjá skilgreininguna á samnafni í (5)). Ef farið væri eftir meginreglunni um stóran staf í sérnöfnum og lítinn „að jafnaði“ í samnöfnum ætti því að skrifa öll orð af þessu tagi með litlum staf, enda er það í samræmi við þumalfingursregluna um *heita* og *vera* í (6) hér á undan. Þessi ritháttur er sýndur með dæmum í (16):<sup>7</sup>

- (16) a. Hvaða maður er þetta? Hann heitir **Juan** og er **baski**.  
 b. Árni er **íslendingur** og hann á bát sem heitir **Íslendingur**.  
 c. Kan er **mongóli** og býr í landi sem heitir **Mongólía**.  
 d. Er Bob **ameríkani**?  
     Já, eða hann er **bandaríkjamaður** nánar tiltekið, fæddur í **Bandaríkjunum**.  
 e. Ég held að Höskuldur sé **þingeyingur**, gott ef hann er ekki meira að segja **mývetningur**. Hann er a.m.k. uppallinn í sveit sem heitir **Mývatnssveit**.

Nú vill svo til að nefndin sem vann að stafsetningarreglunum sem voru settar með auglýsingu 132/1974 hefur greinilega áttað sig á þessum vandkvæðum og samkvæmt þeim reglum átti t.d. að skrifa *þingeyingur* með

<sup>7</sup> Athugið að hér skiptir máli áður nefnt ákvæði um „einstakling“ eða „eintak“ í skilgreiningunni á sérnafni í (4) og (5). Þótt hægt sé að segja *Íbúar Þingeyjarsýslu eru kallaðir Þingeyingar* eða jafnvel ... *heita Þingeyingar* gerir það orðið *Þingeyingur* (eða *þingeyingur*, sbr. stafsetninguna í (16)) ekki að sérnafni, enda er ekki hægt að segja um einhvern tiltekinn einstakling \**Hann heitir Þingeyingur*. Sama er að segja um orð eins og *framsóknarmaður* og *valtyingur*. Það er ekki hægt að segja \**Hann heitir framsóknarmaður* né \**Hann hét valtyingur*, enda eru orðin *framsóknarmaður* og *valtyingur* ekki sérnöfn samkvæmt skilgreiningunum í (4) og (5) hér á undan. Í því sambandi breytir engu þó hægt sé að segja *Þeir sem fylgdu Valty Guðmundssyni að málum voru kallaðir valtyingar* (ég þakka yfirlesara fyrir ágæta ábendingu um þetta). — Á hinn bóginn er líka ljóst að fleirtöluorðið *Bandaríkin* er sérnafn, enda vísar það til ákveðinnar „einingar“, þ.e. ríkjasambands sem heitir þessu nafni.



litlum staf, enda ekki um sérnafn að ræða heldur samnafn.<sup>8</sup> Þessu var lýst svo í auglýsingunni (a-liður 11. gr., leturbreytingar eins og í *Stjórnartíðindum*):

- (17) Þjóðaheiti, þjóðflokkaheiti, nöfn á íbúum landshluta (héraða, hreppa) og íbúum heimsálfa skal rita með litlum staf, t.d. **Íslendingur, mongóli, austfirðingur, keldhverfingur, evrópumaður.**

Þetta fór fyrir brjóstið á ýmsum og kom m.a. til umræðu á Alþingi. Endirinn varð sá að þessu var breytt aftur til fyrra horfs með auglýsingu 261/1977, en hin breytta grein hljóðar svo þar (a-liður þeirrar greinar sem skv. auglýsingunni á að verða nr. 9 í breyttri gerð, leturbreytingar eins og í *Stjórnartíðindum*):

- (18) Þjóðaheiti, nöfn á íbúum landshluta (héraða, hreppa, borga og kaupstaða), nöfn á mönnum kenndum við bæi eða forfeður, svo og nöfn á íbúum heimsálfa skal rita með stórum staf, t.d. **Íslendingur, Austfirðingur, Keldhverfingur, Reykvíkingur, Seyðfirðingur, Stokkseyringur, Oddaverjar, Sturlungar, Knýtlingar, Evrópumenn, Ameríkanar.**

En þótt orð eins og *arabi, baski, íslendingur, indíáni* og *mongóli* séu greinilega samnöfn og ættu því að ritast með litlum staf í samræmi við þá meginreglu að samnöfn skuli að jafnaði rituð svo, verður ekki betur séð en heiti á tungumálum séu sérnöfn samkvæmt skilgreiningu og sama á við um heiti á mállýskum. Þetta er sýnt í (19):

- (19) a. Hvað heitir tungumálið sem **danir** tala? Það heitir **Danska**.  
 b. Á **Íslandi** er talað sérstakt tungumál sem kallast **Íslenska**.  
 c. Sú mállýska sem er, eða var, töluð á Vestfjörðum er kölluð **Vestfirska**.

Ég tel víst að flestum lesendum komi þetta spánskt fyrir sjónir, en ástæðan er auðvitað sú að við erum vön að hafa þetta öðruvísi. En ef við viljum reyna að hafa einfalda meginreglu um stóran staf og fylgja henni verðum við að vera tilbúin til þess að taka afleiðingunum og láta ekki einhverja tilfinningasemi trufla okkur eins og hún truflaði þingmenn á sínum tíma

<sup>8</sup> Hér má geta þess að Færeyingar hafa í aðalatriðum svipaðar reglur um stóran staf og lítinn og við og meginreglan þar er sú að sérnöfn eru skrifuð með stórum staf en samnöfn með litlum. Í samræmi við það skrifa þeir samnöfn eins og *dani, føyoyingur, íslendingur* og *mongóli* með litlum staf.



þegar stafsetningarmálin voru til umræðu á Alþingi á áttunda áratug síðustu aldar.<sup>9</sup>

### 3.2.2 Samnöfn leidd af sérnöfnum

Loks er vert að nefna eitt atriði enn í reglunum um stóran staf og lítinn sem getur vafist fyrir fólki. Í greinum 9 og 10 í framsetningu *Stafsetningarorðabókarinnar* (bls. 678 og 679) segir m.a. þetta (dæmum fækkað eins og áður og uppsetningu breytt lítillega):

- (20)a. Stór upphafsstafur er venjulega í orðum sem mynduð eru með sérnafni þannig að það sé áberandi í merkingu orðsins. Túlkunaratriði getur verið hvað teljist áberandi og hvað hverfandi merkingarþáttur. Mikilvægt er að gæta að hefð og samræmi: *Akureyrarveikin, Ármenningur, Bandaríkjaforseti, Guðrúnarlegur, Þingvallanefnd*
- b. Ef sérnafni fylgir enginn eða aðeins hverfandi merkingarþáttur í myndun samnafns er samnafnið haft með litlum upphafsstaf enda þótt það sé upprunalega dregið af sérnafni. Þetta á m.a. alltaf við um dýra- og plöntunöfn ... : *adamsepli, evuklæði, gróusaga, brunadans, kínarúlla, napóleonskaka* ...

Ekki eru þetta nú álitlegar reglur, enda segir í (20a) að það geti verið „túlkunaratriði“ hvenær merkingarþáttur sé áberandi og hvenær hverfandi. Það er líka galli að í (20a) er nokkuð augljóslega blandað saman orðum sem eru sérnöfn í sjálfu sér (veikin **heitir** eða **hét** *Akureyrarveiki*, nefndin **heitir** *Þingvallanefnd*) og samnöfnum (einhver maður getur **verið** *Ármenningur* (eða *ármenningur*, sjá nánari umræðu hér á eftir) eða *Bandaríkjaforseti* (eða *bandaríkjaforseti*, sbr. síðar) en menn **heita** hvorugt). Það eru jafnvel dæmi um lýsingarorð í (20a), þ.e. orðið *Guðrúnarlegur* (stafsett svo), en síðan segir í framhaldinu að lýsingarorð með *-sk-* skuli þó aldrei skrifa með stórum upphafsstaf og þar eru tekin dæmi eins og *akureyrskur, íslenskur* og *salómonseyskur*. Málleg rök fyrir þessari aðgreiningu í rithætti lýsingarorða eftir því hvaða viðskeyti þau innihalda liggja ekki í augum uppi. Séu þau einhver, hefði verið rétt að benda á þau. Annars lítur þetta út eins og tilviljanakennd aðgreining.

Miðað við meginregluna um stóran staf í sérnöfnum ætti tvímælalaust að skrifa sérnöfnin sem talin eru í 9. grein (bls. 678 í *Stafsetningarorða-*

<sup>9</sup> Hér er rétt að geta þess að í b-lið 16. greinar auglýsingarinnar frá 1974 (þ.e. 132/1974) er sagt að „tungumálaheiti og heiti á mállyskum“ skuli skrifuð með litlum staf.



*bókinni*) með stórum upphafsstaf. Þau eru reyndar mjög fá — auk þeirra sem áður voru talin (*Akureyrarveiki*, *Þingvallanefnd*) má nefna orð eins og *Bláalónshlaupið* (hlaupið **heitir** það), *Halaveður* (tiltekið veður eða áhlaup gengur undir því nafni). Það er frekar álitamál hvort menn vilja búa sér til þá viðbótarreglu að samnöfn leidd af sérnöfnum, eins og *á/Ármenningur*, *b/Bandaríkjaforseti*, *b/Breiðabliksstúlka*, *f/Fjölnismaður*, *k/Kópavogsbúi*, *s/Skálholtsbiskup*, *s/Sóknarkona* skuli vera undantekning frá meginreglunni um að samnöfn skuli „að jafnaði“ skrifuð með litlum staf (sjá nánari umræðu hjá Margréti Guðmundsdóttur 2000:153–154 um orð af þessu tagi og vandasama aðgreiningu þeirra samkvæmt viðmiðum stafsetningarreglnanna). Þetta eru augljóslega allt samnöfn — menn eða konur geta verið þetta allt en heita það ekki. Einfaldast væri að fylgja meginreglunni hér og skrifa öll orð af þessu tagi með litlum upphafsstaf (nema þegar þau standa í upphafi málsgreinar næst á eftir punkti, auðvitað).<sup>10</sup> Samkvæmt sömu meginreglu væri þá rétt að skrifa öll orðin sem talin eru í 10. grein (bls. 679 í *Stafsetningarorðabókinni*) með litlum staf, eins og þar er gert, en það leiðir þá af því að þar er í öllum tilvikum um samnöfn að ræða en ekki sérnöfn (sjá líka dæmin í (20b) hér á undan). Með því móti mætti losna við þessi loðnu viðmið um áberandi merkingarþætti annars vegar og hverfandi hins vegar og gera notendum auðveldara að fylgja reglunum.

#### 4. Sem sagt

Stafsetningarreglur þurfa að vera eins einfaldar og kostur er og íslensk stafsetning er í raun að ýmsu leyti viðráðanlegri og skynsamlegri en sú stafsetning sem sumar aðrar þjóðir búa við. En þótt alltaf sé óheppilegt að breyta stafsetningarreglum held ég að Íslensk málnefnd ætti að taka það til athugunar að einfalda útfærsluna á reglunum um stóran staf og lítinn. Hér hafa verið færð rök að því að þær leiðbeiningar sem eru gefnar um túlkun reglnanna séu óþarflega flóknar og sjálfum sér ósamkvæmar. Eins og er tíðkast því ýmiss konar ósamræmi á þessu sviði og sumar stofnanir hafa séð sig knúna til að taka upp eigin viðmiðunarreglur. Slíkar reglur eru þó oftast en ekki byggðar á einhvers konar viðmiðum sem hafa ekkert með tungumálið sjálft að gera heldur vísa í félagslegar, skipulagslegar og pólitískar aðstæður, enda eru fordæmi fyrir þess háttar viðmiðum í reglunum eins og þær eru settar fram í *Stafsetningarorðabókinni* (sbr. það sem áður

<sup>10</sup> Hér má aftur vísa til frænda okkar Færeyinga sem skrifa t.d. orð eins og *havnarmáður* ‘maður úr Havn (þ.e. Þórshöfn)’ með litlum staf.



segir um undirstofnanir og yfirstofnanir, sameiginlega löggjöf, þátttöku í alþjóðlegu samstarfi o.s.frv.). Allt þess háttar flækir málið um of og gerir það að verkum að engin tæk eru á því fyrir venjulega málnotendur að átta sig á því hvað liggur að baki. Það er hins vegar mikilvægt að þeir geti það, eins og Hermann Jóhannesson sagði í þekktri limru á sínum tíma:

*Því við ritum öll rétt  
bara ef regla er sett  
sem er miðuð við minimal getu.*

Eftirfarandi regla um stóran staf og lítinn er þess háttar:

- (21) Stór stafur er ritaður í upphafi sérnafns, lítill í upphafi samnafns (nema í upphafi máls og í nýrri málsgrein á eftir punkti). Sérnöfn má þekkja frá samnöfnum á því að með þeim má nota sögnina *heita* (sbr. *Hann heitir Jón, Þetta ráðuneyti heitir Menntamálaráðuneyti*) en með samnöfnum er notuð sögnin *vera* (sbr. *Hann er þingeyingur, Hún er menntamálaráðherra*).

Þetta er alls ekki ný stafsetningarregla. Þetta er sama meginregla og fylgt hefur verið í íslenskri stafsetningu um langt skeið. Hún er bara orðuð skýrar en áður að því leyti að í henni kemur fram vísbending um það megi þekkja sérnöfn og samnöfn í sundur. Það er m.ö.o. hjálparregla eða þumal-fingursregla inni í meginreglunni. Það kann að vera álitamál hvers konar viðbótarreglur menn vilja hafa um þetta efni, en ég sé í raun enga ástæðu til að hverfa frá þeirri meginreglu að öll sérnöfn skuli rita með stórum upphafsstaf. Menn gæti aftur á móti greint á um það hvenær ætti að vika frá meginreglunni um lítinn staf í upphafi samnafna, t.d. þegar í hlut eiga samnöfn leidd af sérnöfnum (sjá umræðu í kafla 3.2.2). Til þess að gefa svigrúm fyrir þess háttar undantekningar mætti auðvitað bæta orðunum „að jafnaði“ inn í það sem segir um lítinn staf í samnöfnum í (21).

Nú geri ég mér alveg grein fyrir því að í einhverjum tilvikum kann föst hefð að koma í veg fyrir að meginsteftu ritreglnanna sé fylgt. Annar yfirlesaranna benti t.d. á að í raun **héttu** Íslendingar ekki föðurnöfnum sínum eða móðurnöfnum heldur **væru** menn Sigurðsson, Sigurðardóttir, Helguson, Erludóttir o.s.frv. Það er væntanlega ástæðan fyrir því að okkur Íslendingum finnst mörgum ankannalegt að kynna okkur á erlendum vettvangi með föðurnöfnum (kenninöfnum) eins og Sigurðsson eða Sigurðardóttir eða láta vísa þannig til okkar í fræðiritum og heimildaskrá. Samkvæmt hjálparreglunni væri *Sigurðardóttir* samnafn en ekki sérnafn og ef ekkert svigrúm væri gefið til þess að skrifa samnöfn með stórum staf (t.d.



samnöfn leidd af sérnöfnum) ætti þá t.d. að skrifa *Jóhanna sigurðardóttir* samkvæmt meginreglunni. Ég á ekki von á að Íslensk málnefnd myndi vilja leggja það til við endurskoðun á stafsetningarreglum, enda löng hefð fyrir því að skrifa föðurnöfn og móðurnöfn (kenninöfn) með stórum staf og það veldur engum erfiðleikum í stafsetningarnámi. Aftur á móti virðast margir eiga erfitt með að sætta sig við þá hefð að skrifa aðeins fyrsta orðið í samsettum heitum með stórum staf, þ.e. að rita skuli t.d. *Íslenskt mál* en ekki *Íslenskt Mál* sem heiti á tímariti eða *Íslensk málnefnd* en ekki *Íslensk Málnefnd* sem heiti á nefnd. Símaskráin geymir fjölmörg dæmi um frávik frá þessari hefð, en það er önnur saga.

## HEIMILDIR

- Auglýsing um íslenska stafsetningu. *Stjórnartíðindi*, B, nr. 132/1974.  
 Auglýsing um breyting á auglýsingu nr. 132/1974 um íslenska stafsetningu. *Stjórnartíðindi*, B, nr. 261/1977.  
 Björn Guðfinnsson. 1958. *Íslensk málfræði handa grunnskólum og framhaldsskólum*. Eiríkur Hreinn Finnbogason annaðist útgáfuna. Ríkisútgáfa námsbóka, Reykjavík.  
*Íslensk orðabók*. 2002. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Ritstjóri Mörður Árnason. Edda, Reykjavík.  
 Margrét Guðmundsdóttir. 2000. Af þjáningum prófarkalesara. *Íslenskt mál* 22:151–157.  
 Margrét Jónsdóttir. 2006. *Stafsetningarorðabókin*. Ritdómur. *Íslenskt mál* 28:185–203.  
 Ritreglur í samræmi við auglýsingar menntamálaráðuneytis nr. 132/174, 133/1974, 184/1974 og 261/1977. [http://www.arnastofnun\\_ritreglurskjol](http://www.arnastofnun_ritreglurskjol).  
*Stafsetningarorðabókin*. 2006. Ritstjóri Dóra Hafsteinsdóttir. Rit Íslenskrar málnefndar 15. JPV útgáfa, Reykjavík.

## SUMMARY

‘On capitalization in names and nouns.

A simple heuristic rule and examples of its usefulness.’

**Keywords:** orthography, capitalization, proper nouns, proper names, common nouns

This paper discusses the current rules of capitalization of Icelandic nouns, especially as they are stated and exemplified in *Stafsetningarorðabókin*, a recent dictionary of Icelandic spelling (2006). The basic rules state that proper nouns are to be written with an initial capital whereas common nouns are typically spelled with an initial lower case letter. It is argued that these rules are in fact not followed “to the letter” (pun intended) in the dictionary (nor elsewhere) but augmented instead by various unnecessary and confusing conventions and exceptions. Part of the reason is claimed to be the fact that the concept **proper noun** (**proper name**) is never defined in the rules. It is argued that it would simplify things to include a heuristic rule (or a rule of thumb) in the orthographic rules outlining



what is meant by *proper noun* and then stick to the principle that proper nouns are to be capitalized and whereas common nouns are not (or only exceptionally so). In Icelandic the verb *heita* 'be called' is said to take a proper noun as a complement whereas the verb *vera* 'be' typically does not and this can then be used a heuristic rule to help determine when a noun is to be capitalized in Icelandic.

*Höskuldur Þráinsson*  
*Íslensku- og menningardeild*  
*Háskóla Íslands*  
*Árnagarði við Suðurgötu*  
*IS-101 Reykjavík, ÍSLAND*  
*hoski@hi.is*